Nd. 445 Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá öðrum minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um málið, heldur hygg jeg, að heppilegasti kjördagur fyrir flesta landsmenn sje fyrsti vetrardagur, eins og nú er, og sje því engin ástæða til að skifta um til hins verra. Mundi færsla kjördagsins til júlímánaðar gera meštöllum verkalýð landsins mjög erfitt um kosningasókn, og því bæta gráu ofan á svart um rangsleitni þá, sem nú er í kjördæmaskipuninni og mest gengur út yfir verkalýðinn í bæjunum.

Að öðru leyti vísa jeg til nefndarálits míns 1927 um sama mál, þskj. 385, og legg til, að frumvarpið verði felt.

Alþingi, 27. apríl 1929.

Hjeðinn Valdimarsson.